

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2015/233****2020/EES/69/11****frá 13. febrúar 2015**

**um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar gjaldmiðla þar sem skilgreining seðlabanka á hæfi tryggingar í gjaldmiðlinum sem um ræðir, samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013, er afar þröng (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og fjárfestingarfyrirtæki og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 <sup>(1)</sup>, einkum 5. mgr. 416. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í 3. mgr. 416. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 er þess krafist að stofnanir skrái eignir sem lausafjáreignir ef þær uppfylla viss skilyrði. Í samræmi við þriðju undirgrein þeirrar greinar má falla frá skilyrðinu um að eignirnar séu hæf trygging fyrir staðlaðar lausafjáraðgerðir seðlabanka í aðildarríki, eða seðlabanka í þriðja landi, fyrir lausafjáreignir sem haldið er til að mæta lausafjárúttreymi í gjaldmiðli, ef skilgreining seðlabanka á hæfi tryggingar í gjaldmiðlinum sem um ræðir er afar þröng.
- 2) Svo tekið sé tillit til þess mikilvægis sem reglugerð (ESB) nr. 575/2013 leggur á að eignir seðlabanka séu hæfar sem tryggingar til að geta talist lausafjáreignir, þarf listinn yfir gjaldmiðla þar sem skilgreining seðlabanka á hæfi tryggingar í gjaldmiðlinum sem um ræðir er afar þröng, að takmarkast við þá gjaldmiðla þar sem hæfi trygginga er takmarkað við ríkisskuld og skuld sem gefin er út af seðlabanka og nær ekki yfir aðrar eignir, sem samanstanda af lausafjáreignum í samræmi við viðbótarkröfur sem settar eru fram í 416. og 417. gr. þeirrar reglugerðar.
- 3) Evrópska bankaeftirlitsstofnunin (EBA) hefur framkvæmt mat, byggt á bestu fáanlegri þekkingu sem lögbær yfirvöld aðildarríkja hafa látið í té, á skilgreiningu seðlabanka um hæfi trygginga í ákveðnum gjaldmiðli. Í tilviki Búlgaríu gaf matið til kynna að seðlabankinn geti ekki veitt lausafé til stofnana nema í alvarlegum aðstæðum. Við neyðarástand vegna lausafjárahættu, sem gæti haft áhrif á stöðugleika bankakerfisins, má búlgarski ríkisbankinn framlengja útlán til greiðsluhæfis banka í lef með gjalddaga sem ekki er lengri en þrjú mánuðir, svo fremi þau eru að fullu veðtryggð í gulli, erlendum gjaldmiðli eða öðrum slíkum auðseljanlegum eignum. Af þessum sökum ætti hið búlgarska lef að vera álitíð gjaldmiðill með afar þröngri skilgreiningu seðlabanka á hæfi tryggingar.
- 4) Þessi reglugerð byggir á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska eftirlitsstofnunin á verðbréfamarkaði leggur fyrir framkvæmdastjórnina.
- 5) Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um frumvarpið að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem þessi reglugerð byggir á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir álitum hagsmunahópsins um bankastarfsemi, sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 <sup>(2)</sup>.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 39, 14.2.2015, bls. 11. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 82/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 44, 2.7.2020, bls. 71.

<sup>(1)</sup> Stjtíð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og niðurfellingu ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2009/78/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 12).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Gjaldmiðlar, þar sem skilgreining seðlabanka á hæfi tryggingar er afar þröng, sem fullnægja skilyrðunum sem um getur í þriðja undirlið 3. mgr. 416. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, eru gefnir upp í viðaukanum við þessa reglugerð.

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 13. febrúar 2015.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Jean-Claude JUNCKER

*forseti.*

\_\_\_\_\_

*VIÐAUKI*

Búlgarskt lef (BGN)

\_\_\_\_\_